


MIÐMUNDARHOLT í Ásahreppi

Deiliskipulag íbúðarlóða




Deiliskipulagsuppráttur mkv, 1:2.000.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann _____

f.h. Ásahrepps



Skýringaruppráttur mkv, 1:6.000.



Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

GREINARGERÐ

INNGANGUR

Skipulagssvæðið

Skipulagið nær til um 7 ha svæðis á Miðmundarholti. Deiliskipulagið tekur til 7 íbúðarlóða. Eldra deiliskipulag dagsett 1994 er fellt niður. Helstu breytingar sem gerðar eru frá eldra deiliskipulagi eru þessar:

- Fristundalóðum er breytt í íbúðarlóðir.
- Byggingarskilmálar eru endurskoðaðir og rýmkaðir.

Aðkoma að svæðinu er um Króksveg nr. 2930 og núverandi aðkomuveg. Gerður verður nýr aðkomuvegur að Miðmundarholti 6. Í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem íbúðarsvæði.

Kortagrunnar

Skipulagsuppráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Grunngógn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnitakerfi er ISN93.

Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000.
- Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:6.000 sem sýnir byggingar, lóðir, aðkomuvegi o.fl.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af aðalskipulagsupprætti fyrir Ásahrepp 2010-2022.

Fornminjar

Fornminjaskráning hefur farið fram á svæðinu og eru engar þekktar fornminjar innan skipulagssvæðisins.

LÝSING DEILISKIPULAGS

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er um Króksveg nr. 2930 og núverandi aðkomuveg að Miðmundarholti. Gert er ráð fyrir nýjum aðkomuvegi af Króksvegi að Miðmundarholti 6. Bílastæði verða innan hversrar lóðar.

Íbúðarlóðir

Á íbúðarlóðum er heimilt að byggja 2 hús; íbúðarhús sem getur verið allt að 250 m² og skemmu/hesthús sem getur verið allt að 500 m². Á lóðum 1, 2 og lóð Króks eru íbúðarhús. Heimilt er að stækka þau í allt að 250 m² eða byggja ný íbúðarhús í stað núverandi húsa.

Á lóð Króks eru afmarkaðir 2 byggingareitir. Á byggingareit B1 er heimilt að stækka núverandi íbúðarhús í allt að 250 m². Á byggingareit B2 er heimilt að byggja skemmu/hesthús sem getur verið allt að 500 m². Þá er á byggingareit B2 heimilt að byggja nýtt íbúðarhús, allt að 250 m², ef núverandi íbúðarhús verður fjarlægð.

Mænishæð íbúðarhúsa getur verið allt að 6 m og mænishæð skemmu/hesthúss allt að 8 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Nýtingarhlutfall á íbúðarlóðum er allt að 0,05.

Rafveita

Gert er ráð fyrir að ný hús tengist dreifikerfi RARIK. Lagnir fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

Vatnsveita

Bygðin tengist vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra. Lagnir fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

Hitaveita

Ný hús verða tengd Hitaveitu Rangæinga.

Frárennsli

Frárennsli verður leitt í sameiginleg hreinsivirki eftir því sem við verður komið. Frágangur verður í samræmi við kröfur heilbrigðisyrivalda og reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

Sorphirða

Sorphirða er skv. reglum sveitarfélags hverju sinni.

Reiðleiðir

Reiðleið er meðfram Króksvegi, tengist hún reiðleið meðfram Suðurlandsvegi.

ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

Hönnun og upprættir

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Þakform og byggingarefni er frjálst. Byggingarreitir eru sýndir fyrir hverja lóð og verða hús staðsett innan hans í samráði við byggingarfulltrúa.

BREYTINGAR AÐ LOKNUM AUGLÝSINGATÍMA

Afmarkaðir 2 byggingareitir á lóð Króks. Annar fyrir stækkun íbúðarhúss og hinn fyrir skemmu/hesthús og nýtt íbúðarhús, að því gefnu að núverandi hús verði fjarlægð.

 MIÐMUNDARHOLT Deiliskipulag íbúðarlóða		Verk: 8610 DI101		Dags: 08.04.2011
		Suðurlandsveg 1-3 850 Hella. S 487 7800 www.steinsholtfs.is		Mkv: 1:2.000 / 1:6.000
Hannað: GG, IS Teiknað: IS		Blaðstærð: A2		Samþykkt: